

Viðfangsefni 5.

Könnun rúmmáls og yfirborðsflatarmáls píramída.

1. Opnaðu:

http://www.geogebra.org/en/upload/files/english/lewisprisco/rectangular_pyramid.html

2. Kannaðu hvað gerist ef punktar á stikunum eru færðir til. Þú ættir að geta breytt stærð og lögun píramídans og séð formúlur og útreikninga.

3. Hvert verður rúmmálið ef ein hlið er helminguð?

4. Skiptir máli hvaða hlið það er?

5. Hvert er rúmmálið ef tvær hliðar eru helmingaðar? En allar hliðarnar?

Rúmmál í byrjun	Ein hlið helminguð	Tvær hliðar helmingaðar	Þrjár hliðar helmingaðar

6. Hvert er hlutfallið milli rúmmáls nýja píramídans og þess sem þú byrjaðir með ef ein hlið er helminguð?

7. Hvert er þetta hlutfall þegar tvær hliðar eru helmingaðar?

8. En ef þrjár hliðar eru helmingaðar?
